

11. nóv. 2009

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/102*  
*komudagur 11.11.2009*

Allsherjarnefnd Alþingis

**Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör), 102. mál.**

Svar Þjóðskrár við tölvupósti nefndasviðs Alþingis frá 11. nóvember 2009.

Í frumvarpinu eru ekki ákvæði sem lúta að starfsemi Þjóðskrár við framkvæmd alþingiskosninga. Þjóðskrá gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Þó má benda á eitt atriði til umhugsunar fyrir allsherjarnefnd.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á 43. og 44. gr. laganna. Í þessum lagagreinum er rætt um aðkomu dómsmálaráðuneytisins við framkvæmd alþingiskosninga. Nú er það svo að um áratugaskeið hefur heiti þessa ráðuneytis verið **dómsmálaráðuneyti** í kosningalöggjöf (lög um kosningar til Alþingis og lög um framboð og kjör forseta Íslands) þótt almennt heiti þess hafi verið **dóms- og kirkjumálaráðuneyti**. Þessari hefð er haldið til haga í frumvarpi til laga um stjórnlagabing (152. mál), sbr. 10. gr. þess. Aftur á móti er heiti ráðuneytisins í frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur (112. mál) orðið **dómsmála- og mannréttindaráðuneyti**. Það heiti er nú komið í lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 56. gr. laga nr. 98/2009.

Til umhugsunar er hvort rétt sé að heiti þess ráðuneytis sem fer með mál er varða kosningalöggjöf í landinu skuli vera mismunandi eftir lögum.

Bestu kveðjur,

Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.